



# Almannavarnir Árnæssýslu

**18.** fundur **framkvæmdaráðs** Almannavarna Árnæssýslu, haldinn þriðjudaginn 25. apríl 2017 kl: 11:55 í Vatnsholti, Flóahreppi.

**Mættir:** Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Jón G. Valgeirsson, sem ritaði fundargerð.

**Á fundinn mætti einnig** Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri og Oddur Ólafsson, yfirlögregluþjónn.

-----

## Dagskrá:

### 1. **Verkefnastjóri AÁ.**

Kjartan og Oddur fóru yfir vinnu og þau verkefni sem Víðir Reynisson verkefnastjóri AÁ hefur verið að vinna að á starfssvæði lögreglustjórans á Suðurlandi. Þá fóru þeir yfir þau verkefni sem þyrfti að vinna áfram í á næsta ári. Taka þarf ákvörðun um áframhaldandi ráðningu Víðis Reynissonar sem verkefnisstjóra fyrir AÁ. Tillaga lögreglunnar er sú að gerður verði eins árs áframhaldandi samningur við sveitarfélögin um verkefnið. Framkvæmdaráð leggur til að samið verði um áframhaldandi ráðningu verkefnastjórans út árið 2018. Framkvæmdaráð leggur einnig til að með hliðsjón af þunga verkefna verkefnastjórans á starfssvæði lögreglustjórans lækki greiðsla per íbúa í Árnæssýslu úr kr. 300 í kr. 250.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:30.

-----

Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Jón G. Valgeirsson.